



fréttabréf **bssl**

Fréttir af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands var haldinn á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst síðastliðinn. Halda átti aðalfundinn í apríl síðastliðnum en honum var frestað vegna eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli. Í skýrslum formanns, Guðbjargar Jónsdóttur og framkvæmdastjóra, Sveins Sigurmundssonar kom m.a. fram að störf síðastliðins árs mótuðust að töluverður leyti af þeirri efnahagslegu kreppu sem íslenskt samfélag hefur búið við. Þá fjölluðu þau um þær aðgerðir sem ráðist var í af hálfu Búnaðarsambandsins og annarra aðila í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli.

Fram kom í máli Sveins Sigurmundssonar að starfsemin hefði gengið vel á árinu 2009 og skilaði sambandið hagnaði upp á um 24,5 milljónir króna en rekstrartekjur allra fyrirtækja búnaðarsambandsins fyrir utan Stóra-Ármót var um 220 milljónir króna.

Haraldur Benediktsson formaður BÍ og Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BÍ fluttu ávörp á fundinum.

Kosið var um fulltrúa í stjórn. Að þessu sinni var kosið um fulltrúa V-Skaftfellinga en undanfarin 9 ár hefur Guðni Einarsson í Þórissholti verið í aðalstjórn en hann gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Í hans stað var kosinn Jón Jónsson á Prestbakka í aðalstjórn og í varastjórn var kosinn Sigurjón Eyjólfsson í E-Pétursey.

Fjölmargar ályktanir voru samþykktar á aðalfundinum og er greint frá þeim á öðrum stað í fréttabréfinu.

EFNI BRÉFSINS:

Hauststörf í sauðfjárrækt 2
Tillögur samþykktar á aðalfundi BSSL..... 4
Skil á sæðingardagbókum í sauðfjárrækt 5
Skýrsluhald í sauðfjárrækt 5
Fyrstu niðurstöður heysýna af Suðurlandi 6
Niðurstöður úr gróðursýnum.. 7
Sauðfjárdómar - dagskrá 8

Á DÖFINNI:

- **Námskeið;**
Jarðræktarforritið
Jörð.is,
Hellu 15. október 2010
- **Námskeið;**
Jarðræktarforritið
Jörð.is,
Höfn 29. október 2010

Umsóknir um styrk vegna þróunar- og jarðabótaverkefna

Nú er rétt að huga að þróunar- og jarðabótaúttektum. Umsóknir þurfa að berast Búnaðarsambandinu fyrir lok september, annað hvort með umsóknareyðublaði eða með vefumsókn sem hvort tveggja er að finna á www.bondi.is. Einnig er að finna hlekk á síðu Búnaðarsambandsins, www.bssl.is. Í eftirfarandi styrki er hægt að sækja um núna:

- Endurræktun vegna aðlögunar að lífrænum búskap.
- Viðhald framræslu lands vegna ræktunar.
- Kölkun túna.
- Jarðrækt (korn-, tún- og græn fóðurrækt).

Vert er að benda á að lágmarksúttekt á samanlögðu ræktuðu landi er 2 ha og til að standast úttekt á ræktun þarf umsækjandi að leggja fram viðurkennt túnakort. Nánari reglur og upplýsingar um þróunar- og jarðabótaverkefni má nálgast á heimasíðum Búnaðarsambandsins, bssl.is, og Bændasamtakanna, bondi.is.

Hauststörfin í sauðfjárrækt 2010

Hauststörfin í sauðfjárrækt á vegum Búnaðarsambands Suðurlands eru nú að hefjast. Dagskrá haustsins er birt hér með fyrirvara um hugsanlegar breytingar. Sýningarhaldið er með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. að í þeim sveitum þar sem leyft er að komið sé saman með fé verða samsýningar. Jafnframt verður boðið upp á að þeir sem ætla að láta skoða 25 gimbrar eða færri geta komið með þær á sýningarstað en til að tímaplön standist þarf að panta þær gimbraskoðanir sem og aðrar tímanlega hjá Búnaðarsambandinu. Sýningarstarf verður skipulagt í samráði við formenn/forráðamenn fjárræktarfélagasvæða á hverjum stað, hvort sem um samsýningar er að ræða eður ei. Vonast er til að það samstarf gangi vel líkt og undanfarin ár. Eins og undanfarin haust verður áhersla lögð á lambaskoðanir.

Á meðan skoðað verður eftir skipulagðri dagskrá geta bændur ekki búist við því að hægt sé að skoða lömb hjá þeim utan þess dags sem skipulagður er á þeirra svæði.

Til að afköst verði sem best við sauðfjárskoðanir þarf aðstaða að vera þannig að dómar gangi sem greiðlegast fyrir sig. Helstu atriði sem þurfa að vera í lagi eru eftirfarandi:

- Hafa ætterni lamba á hreinu, númer föður og móður.
- Þeir sem eru í skýrsluhaldi sauðfjárræktarféлага að hafa upplýsingar um fjárræktarfélagsnúmer veturgamalla hrúta og ætterni þeirra (númer föður og móður).
- Gott er að búið sé að vigta lömb og veturgamla hrúta sem koma á með til dóms ef kostur er. *Það sparar mannskap og tíma og minnkar hávaða.*
- Hafa sterka og hreina grind eða plötu undir ómsjá og festa vel á jötuband.
- Hafa aðstöðu fyrir ritara og að búið sé að útvega ritara fyrir sýningu.
- Hafa framlengingarsnúru tilbúna og í lagi.
- Hafa gott ljós. Það er nauðsynlegt til að hægt sé að meta ullina.
- Hafa stóla, kassa eða fötur til ásetu fyrir ritara, ómmælingarmann og íhald.
- Hafa að lágmarki 3 starfsmenn frá búi við fjárskoðunina, þ.e. 2 menn að draga og halda í og 1 ritara. *Þetta er ekki síður nauðsynlegt þar sem farið er heim á bæi og tveir starfsmenn BSSL eru við dómsstörf. Ef mjög fálíðað er heima á bæjum getur það seinkað dagsskipulagi verulega og valdið því að komið er mjög seint á þá bæi sem endað er á þann daginn.*

Lambhrútar:

Lambhrútar verða mældir og stigaðir líkt og undanfarin ár. Til að fá raunhæft úrval af ásetningshrútum er nauðsynlegt að koma með til dóms og mælinga þrisvar sinnum þann fjölda sem áætlaður er til ásetnings á hverju búi.

Á fundi sauðfjárræktarnefndar Búnaðarsambands Suðurlands sem haldinn var 25. ágúst síðastliðinn var samþykkt að þeir lambhrútar sem verða skoðaðir eftir 22. október verða ekki með í uppröðun fyrir bestu lambhrútabúin. Ástæðurnar eru þær að það er mikill þroskamunur á milli lambhrúta sem dæmdir eru í september annarsvegjar og lok október hinsvegjar. Vel þroskaðir hrútar eru einnig oft farnir að leggja af eftir miðjan október nema þeir séu á því betri haga. Þar sem stefnt er að sauðfjárræktarfundunum 24. og 25. nóvember þarf lágmarkstíma til að undirbúa þá. Á fundunum verða hauststörfin gerð upp, kynntir hrútar á Sauðfjársæðingastöð Suðurlands og veittar viðurkenningar.

Gimbraskoðanir:

Gert er ráð fyrir að framkvæma gimbraskoðanir samhliða hrútasýningum eins og hægt verður að koma fyrir. Reynt verður að skipuleggja þær skoðanir sem verða ekki á hrútasýningartímabilinu þannig að skoðunarmaður verði á ákveðnum svæðum á ákveðnum dögum. ÞESS VEGNA ER MJÖG MIKILVÆGT AÐ PANTA GIMBRASKOÐANIR TÍMANLEGA. Dómar á skýrslufærðum gimbrum verða skráðir í www.fjarvis.is.

Æskilegt er að láta ómskoða fyrr en seinna á haustin og velja ásetning áður en haustbötun hefst. Með því móti er verið að velja bráðþroskuðustu einstaklingana til ásetnings. Einnig er þá hægt að láta vænstu lömbin strax í slátrun en bata þau lömb sem þurfa á því að halda. Hrútlömb þroskast seinna en gimbrar og því er yfirleitt meiri ávinningur að bata þá, þar sem gimbrum er hættara við fitusöfnun.

Afkvæmarannsóknir hrúta:

Afkvæmarannsóknir hrúta er einn af mikilvægari þáttum sauðfjárræktarinnar. Styrkur til niðugreiðslu á afkvæmarannsóknnum kemur úr þeim hluta sauðfjársamningsins sem fellur undir nýliðunar- og átaksverkefni. Ef bú uppfyllir skilyrði afkvæmarannsóknar kemur styrkurinn til lækkunnar vinnu við ómmælingar og uppgjör afkvæmarannsóknarinnar. Skilyrði afkvæmarannsóknna hrúta eru eftirfarandi:

- Fjöldi afkvæmahópa þarf að vera að lágmarki 5 fyrir lægri styrkin og 8 fyrir hærri styrkin.

- Bú þarf að vera þátttakandi í skýrsluhaldi sauðfjárræktarfélaganna.
- Vorupplýsingum hafi verið skilað til Bændasamtaka Íslands til uppgjörs.
- Fyrir hvern hrút í rannsókn þarf kjötmatsupplýsingar fyrir að lágmarki 10-12 afkvæmi.
- Í hverjum afkvæmahópi skulu ómmæld og stiguð að lágmarki 8 lömb af sama kyni undan hrút.

Æskilegt er að hafa sem flesta hrúta í afkvæmarannsókn innan bús upp á að fá sem bestan samanburð. Að sjálfsögðu er hægt er að gera upp rannsókn þar sem ekki nást 5 hrútar í rannsókn en þá kemur enginn styrkur til lækkunar á kostnaði bónda.

Veturgamlir hrútar:

Veturgamlir hrútar verða mældir og stigaðir fyrir þá sem þess óska. Veittar verða viðurkenningar fyrir þrjá stigahæstu veturgömlu hrútana í hverri sýslu úr einstaklingsdómi á sauðfjárræktar-fundunum í nóvember.

Innheimta/gjaldskrá:

Á fundi sauðfjárræktarnefndar BSSL þann 25. ágúst s.l. var ákveðið að hækka ekki gjaldskrána frá fyrra ári. Innheimt verður fyrir alla sauðfjárdóma, þ.e fyrir skoðun á gimbrum, lambhrútum og veturgömlum hrútum. Á samsýningum verður innheimt eftir ákveðnum fjölda hrúta og gimbra en ekki eftir tíma (sjá töflu 1).

Þar sem komið er heim á bæi verður gjaldskráin þessi:

- Dómar á sauðfé 6.000 kr/klst/starfsmann.
 - 40% afsláttur er fyrir féлага í búnaðarfélagi / búnaðarsambandi (3.600 kr/klst/starfsm.)
- Komugjald heim á einstaka bú5.000 kr
- Lágmarksgjald5.000 kr
- Styrkur sem er veittur þeim bændum sem taka þátt í afkvæmarannsókn hrúta.
 - 5-7 hrútar í prófun 5.000 kr
 - 8 hrútar eða fleiri í prófun 10.000 kr

Komugjald er ekki tekið þegar unnið er eftir skipulagðri dagskrá. Þegar farið er á fleiri en einn bæ á sama svæði eða á samsýningu utan skipulagðrar dagskrár þá deilist komugjaldið niður á þá bæi.

Lágmarksgjald er tekið þegar komið er heim á bæi og skoðuð nokkur lömb, skoðun tekur innan við klukkustund. Lágmarksgjald er einungis tekið þegar unnið er eftir skipulagðri dagskrá.

Álag verður 50% ofan á gjaldskrá BSSL þar sem óskað er sérstaklega eftir skoðunum um helgar eða á kvöldin.

Tafla 1. Verðskrá fyrir samsýningar.

Hrútar	
Fjöldi	Kr.
1-10	2.400
11-20	4.800
21-30	7.200
31-40	9.600
41-50	12.000
51-60	14.400
61-70	16.800
71-80	19.200

Gimbrar	
Fjöldi	Kr.
1-12	1.000
13-25	2.000

Veittur er 10% afsláttur til þeirra bænda sem skrá dómana á sínum lömbum sjálfir innan viku eftir að dómur á sér stað, sama hvort þeir skrá hann í Fjárvis bú eða á www.fjarvis.is Vonandi verður þetta hvatning til bænda að skrá dómana strax og láta starfsmenn BSSL vinna afkvæmarannsókn fyrir hrútana ef nægur fjöldi gimbra kemur til dóms undan hverjum hrút.

Allt verð er gefið upp án virðisaukaskatts.

Pantanir:

Pantanir fyrir lambaskoðanir og afkvæmarannsóknir hrúta þurfa að berast til BSSL í síðasta lagi viku fyrir áætlaðan skoðunardag. Mikilvægt er að panta lambaskoðanir í tíma til að hægt sé að skipuleggja og jafnframt anna öllum pöntunum á þeim tíma sem hentar sem flestum. Ef pöntun er gerð með mjög stuttum fyrirvara má búast við að ekki verði hægt að sinna henni.

Pantanir fara fram í síma 480 1800 eða á netföngin fol@bssl.is eða thorey@bssl.is. Taka skal fram hentugan tíma og áætlaðan lambafjölda sem skoða á.

Mikilvægt er að vanáætla ekki fjölda lamba um marga tugi í skoðun þar sem það getur valdið mikilli röskun á skipulagi þess dag.

Með von um gott samstarf
Sauðfjárræktarráðunautar BSSL.

Tillögur samþykktar á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010

Tillaga 1

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 skorar á stjórnvöld og Bændasamtök Íslands að tryggja innlendri kornrækt eðlilegt starfsumhverfi. Íslenskum landbúnaði verði þannig gert kleift að nýta betur sóknarfæri með aukinni kornrækt og gjaldeyrissparnaði fyrir þjóðarbúið.

Greinargerð

Á undanförunum árum hafa orðið stórstígar framfarir í innlendri kornrækt. Með aukinni þekkingu og reynslu bænda af kornrækt hafa myndast sóknarfæri fyrir íslenskan landbúnað, sem mikilvægt er að hlúa að. Þannig liggur fyrir að hægt er að auka notkun byggs við mjólkurframleiðslu og stórefla hlutdeild byggs í fóðri svína. Einnig er hægt að nota umtalsvert magn af byggi í loðdýrarækt og við kjúklingaeldi.

Bændur hafa lagt áherslu á þá stefnumótun að akuryrkja þróist samhliða annarri búvöruframleiðslu, með það að markmiði að stuðla að hagkvæmari framleiðslu í landinu á grundvelli innlendra fóðuröflunar og landnýtingar. Með því skapast augljóst sóknarfæri sem skylt er að nýta eins og kostur er, ekki síst m.t.t. fæðuöryggis þjóðarinnar, gjaldeyrissparnaðar og nýtingar landgæða.

Tryggja þarf að innlend kornframleiðsla njóti sambærilegra styrkja og innflutt korn.

Á Suðurlandi hefur umfang kornræktar á afmörkuðum svæðum aukist verulega. Reynslan af því sýnir að hægt er að auka kornrækt á Suðurlandi, þar sem verulegt landrými er til staðar.

Tillaga 2

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 skorar á Bændasamtök Íslands að hlutast til um að ekki sé settar á markað kjötafurðir langt undir framleiðsluverði.

Greinargerð

Veruleg röskun á kjötmarkaðnum hefur orðið vegna offramboðs á svínakjöti sem er vegna tilstuðlans fjármálastofnana. Þetta hefur haft áhrif á allan kjötmarkaðinn. Það eru liðin rúm sjö ár síðan svipað ástand á kjötmarkaðinum kom upp og þá einnig vegna óeðlilegrar afskipta fjármálastofnunar af framleiðslu á kjötafurðum.

Tillaga 3

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 hvetur Búnaðarsamband Suðurlands til að veita bændum nú sem hingað til upplýsingar og ráðgjöf í samskiptum við fjármálastofnanir í lánamálum sínum eftir því sem kostur er.

Greinargerð

Ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa unnið gott starf síðan hrúnið varð, lögð verði áhersla á að þeirri vinnu og stuðningi sé haldið áfram. Það virðist vera að langt sé í land með niðurstöðu á gengistryggðum lánnum bænda sem og annarra. Einnig er fyrirgreiðsla banka mjög misvísandi.

Tillaga 4

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 styður eindregið þá breytingu á búvörulögum sem liggur nú fyrir Alþingi og að sú breyting verði samþykkt sem fyrst á komandi haustþingi.

Tillaga 5

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 skorar á Bændasamtök Íslands að beita sér með markvissari hætti til að standa vörð um réttindi bænda í samningum við ríkisvaldið á næstu mánuðum. Jafnframt að halda úti markvissari kynningu á stöðu bænda og kjörum þeirra. Fundurinn mótmælir skerðingu á móttframlagi til Lífeyrissjóðs bænda á núverandi fjárlögum, sem og hugsanlegri skerðingu á öðrum samningum við bændur.

Tillaga 6

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun BSSL fyrir árið 2010.

Tillaga 7

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 leggur til að við gerð fjárhagsáætlunar Kynbótastöðvar Suðurlands fyrir árið 2010 verði sæðingagjöld, kr 1.000,- á kú.

Tillaga 8

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 samþykkir óbreytt árgjald til BSSL, alls kr. 1.000,- á félagsmann.

Tillaga 9

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við dagpeninga ríkisstarfsmanna. Miða skal við fæðispeninga heilan dag og minnst 10 tíma ferðalag (nú kr 8.750,-) x 2. (þ.e. nú 17.500,-).

Tillaga 10

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn að Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 10.000,- fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga og aksturs samkvæmt ríkistaxta og framreiknað með vísitölubreytingum samkvæmt grunni í launavísitölu frá apríl 2005. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 150.000,- miðað við árið 2003 sem framreiknast með launavísitölu.

Tillaga 11

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 lýsir yfir ánægju sinni með skjót viðbrögð almannavarna, fagaðila og sjálfbóðaliða vegna eldgoss í Eyjafjallajökli. Fundurinn þakkar fyrir alla þá miklu vinnu og aðstoð sem íbúar fengu hjá þessum aðilum á áhrifasvæði gossins í Eyjafjallajökli.

Tillaga 12

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 sendir kærar kveðjur til norskra bænda með innilegu þakklæti fyrir þann samhug og stuðning sem þeir hafa sýnt bændum við Eyjafjallajökul, m.a. með myndarlegri fjársöfnun í Noregi vegna eldgossins 2010.

Tillaga 13

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 beinir því til Matvælastofnunar að rannsökuð verði áhrif ösku og flúors á búfenað vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, sérstaklega m.t.t. lungna, meltingarfæra og beina ungvíðis.

Tillaga 14

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Kirkjubæjarklaustri 31. ágúst 2010 samþykkir að stjórn BSSL beiti sér fyrir því að farið verði yfir stöðu mála vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Mætti þar nefna það sem betur mætti fara í viðbrögðum og upplýsingaöflun. Auk þess verði könnuð langtímaáhrif á búfenað, vélar og fleira. Leitað verði eftir álitum bænda á áhrifasvæði gossins.

Skil á sæðingardagbókum í sauðfjarrækt

Peir bændur sem eiga eftir að skila inn sæðingardagbókum 2009-10 eru hvattir til að senda þær til Búnaðarsambandsins hið snarasta. Hægt er að nálgast dagbók fyrir sauðfjársæðingar inn á heimasíðu Búnaðarsambandsins www.bssl.is undir sauðfjarrækt – sauðfjársæðingarstöð, þar er tengill inn á dagbókina til hægri. Til að senda dagbókina í tölvupósti verður að vista excel skjalið og senda það útfyllt á netfangið thorey@bssl.is Einnig er hægt að prenta blaðið út og senda útfyllta dagbók í bréfpósti. Ef bændur lenda í vandræðum með að fylla út dagbókina má hafa samband við sauðfjarræktarráðunauta Búnaðarsambandsins, Fanneyju Ólöfu eða Þóreyju.

Skýrsluhald í sauðfjarrækt – skil á vorupplýsingum

Peir bændur sem enn hafa ekki að fullu gengið frá vorupplýsingunum eru hvattir til að gera það hið fyrsta. Skiladagur vorupplýsinga er 20. ágúst ár hvert. Mikilvægt er að skila fyrir þann dag sérstaklega ef viðkomandi bóndi ætlar að láta gera upp afkvæmarannsókn á búi sínu. Ef einhverjir eiga í vandræðum með að skrá inn í fjarvis.is geta þeir haft samband við Fanneyju Ólöfu eða Þóreyju hjá Búnaðarsambandinu.

Fyrstu niðurstöður heysýna af Suðurlandi

Nú eru komnar niðurstöður tæplega 200 heysýna af Suðurlandi af uppskeru ársins 2010. Allt eru þetta hirðingarsýni og nær öll úr 1.slætti. Niðurstöður fyrir orku og próteinmælistærðir má sjá í töflu 1. Til samanburðar eru niðurstöður sambærilegs fjölda sýna frá árinu 2009 af Suðurlandi, auk þess gefin viðmiðunargildi fyrir orku og prótein.

Tafla 1. Samanburður á niðurstöðum orku- og próteinsgilda fyrstu 185 heysýna 2010 og 2009 af Suðurlandi

Ár	Fjöldi sýna	Meltan leiki	Fem/kg þurrefnis	Prótein, g/kg þ.e.	AAT g/kg þurrefnis	PBV g/kg þurrefnis
Viðmiðun		70	0,80	150		
2010	185	70	0,80	155	69	36
2009	185	70	0,80	141	69	22

Niðurstöðurnar bera með sér að orkugildi þessara sýna er svipað milli ára en nokkur munur er á heildarpróteini en það var frekar lágt árið 2009 en er greinilega að jafnaði hærra í sýnunum í ár. Þetta hefur m.a. þær afleiðingar að PBV-gildi verður hærra árið 2010 að meðaltali en sú mælistærð segir til hversu mikið er af auðleystu próteini í vömb m.t.t. fóðrunar á heyinu eingöngu.

Þurrefnisprósantan í sýnunum frá því í sumar er heldur hærri en var í fyrra eða um 49,5% þurrefni að meðaltali en var 47,5% í sama fjölda sýna árið á undan.

Niðurstöður úr steinefnaþælingum má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Samanburður á niðurstöðum steinefnaþælinga fyrstu 185 heysýna 2010 og 2009 af Suðurlandi

Ár	Fjöldi sýna	Calsíum (Ca) g/kg	Fosfór (P) g/kg	Magnesium (Mg) g/kg	Kalí (K) g/kg	Natríum (Na) g/kg	Brennist (S) g/kg
Viðmið		4,0	3,0	2,1	18	1,8	2 - 3
2010	185	3,4	2,9	2,1	20	1,1	2,0
2009	185	3,3	2,9	1,9	19	1,0	Ekki mælt

Niðurstöður steinefnaþælinganna sýna ívið hærri tölur einstakra steinefna úr uppskeru 2010 miðað við árið 2009. Helst er að finna mun á magnesium, kalí og natríum. Skoðað var hvort þetta væri svæðabundið en svo virtist ekki vera við fyrstu sýn.

Almennt má því segja að niðurstöður fyrstu heysýna sumarsins 2010 af Suðurlandi bendi til gæðafóðurs með tilliti til efnainnihalds en eftir er að sjá hvernig lystugleiki verður m.a. af fóðri sem verkað var á áhrifasvæði gossins í Eyjafjallajökli. Þeir bændur sem vilja nánari útlistun á niðurstöðum sínum og/eða vilja láta vinna fóðurplön fyrir sig eru hvattir til að hafa samband við Búnaðarsambandið.

Niðurstöður úr gróðursýnum fyrir flúor-, steinefna- og járn-mælingar af gossvæðinu

Dagana 11.-12. ágúst sl. voru tekin gróðursýni í Skaftártungum, Álftaveri, Mýrdal, undir Eyjafjöllum, Landeyjum og Fljótshlíð. Alls voru þetta 11 sýni; 7 sýni voru af fyrsta endurvexti frá Butru, Hlíð, Giljar, Hraungerði, Ytri-Ásar, Efsta-Grund og Núpur, 2 af öðrum endurvexti, frá Voðmúlastöðum og Porvaldseyri og 2 af óslegnum tünnum frá Sólheimahjáleigu og Raufarfelli.

Niðurstöður mælinganna má sjá í töflu hér fyrir neðan:

Bær	F	Ca	Mg	K	Na	P	S	Ca/P	Fe
	mg/kg þ.e.	g	g	g	g	g	g		mg/kg þ.e
Viðmið	25-700	4,0	2,1	18	1,8	3	2-3		50-200
Butra	3,17	3,1	2,1	31,2	0,2	3,9	2,3	0,8	96
Hlíð	3,40	5,3	2,6	33,8	0,9	4,6	3,3	1,2	152
Sólheimahjáleiga	3,57	4,9	3,6	25,7	2,1	4,3	3,1	1,1	928
Giljur	3,23	4,3	3,3	30,0	1,7	4,6	3,3	0,9	396
Voðmúlastaðir	2,61	4,7	3,2	24,1	0,4	5,0	3,7	0,9	160
Raufarfell	5,31	4,6	2,5	30,4	0,9	3,7	3,1	1,3	171
Þorvaldseyri	5,63	4,6	2,8	37,3	0,3	5,4	3,8	0,8	144
Hraungerði	4,37	6,7	3,3	12,7	1,4	4,2	3,1	1,6	136
Ytri-Ásar	4,61	4,9	3,7	16,5	1,1	3,4	2,8	1,4	547
Efsta-Grund	3,64	5,4	2,5	19,9	1,3	3	2,4	1,8	194
Núpur	1,81	5,5	2,6	24,4	0,3	4,4	3,4	1,3	93

Niðurstöðurnar fyrir flúor eru á bilinu 2,61 - 5,63 mg í kg þ.e.. Viðmiðunarmörk fyrir sauðfé eru 70-100 F mg/kg þ.e. og fyrir nautgripi og hross 25-30 mg/kg þ.e. Við núverandi aðstæður virðist hætta á flúormengun í gróðri vera hverfandi.

Kalsíum (Ca), Magnesíum (Mg), natríum (Na), fosfór (P) og brennisteinn (S) eru í kringum viðmiðin. Svo virðist sem kalí liggja enn hátt þrátt fyrir að líðið sé á sumarið. En kalí er auðleyst efni og því ekki óeðlilegt að það sé hátt fyrri hluta sumars en lækki þegar líður á sumarið. Mikið kalí í jurtum dregur úr magni af kalsíum, magnesíum og natríum.

Styrkur járn s ræðst mest af jarðvegsmengun og í þessu tilfelli öskumagni í gróðri. Sýnin eru óskuluð þannig að járníð er því að öllum líkindum fyrst og fremst tilkomið vegna yfirborðsmengunar og skolast fljótt af með rigningu. Auk þess sem einhver hluti öskunnar hristist af við meðhöndlun.

Járn hefur áhrif á upptöku kopars (Cu) og sinks (Zn) og getur of mikið járn í fóðri kallað fram skort á þessum efnum. Við þessu gæti þurft að bregðast með breytingum á snefilefnum í viðbótarfóðri, t.d. með því að minnka járn í því og auka önnur efni eins og selen, kopar og sink.

Margrét Ingjaldsdóttir

SAUÐFJÁRDÓMAR - DAGSKRÁ 2010

Dagsetning	Svæði	Dómarar
Mánudagur	6. sep. Meðalland (gsk&hr)	FL/ÞB/SR
Miðvikudagur	8. sep. Stóra-Ármót (fjárrag)	
Fimmtudagur	9. sep. Samræmingarnámskeið í sauðfjárdómum	Allir
Fimmtudagur	9. sep. Holta-og Landsveit	ÞB/SR
Þriðjudagur	14. sep. Vestur-Landeyjar (hr&gsk)	ÞB/HS
Miðvikudagur	15. sep. Kirkjubæjarhreppur (hr&gsk)	ÞB/SR
Fimmtudagur	16. sep. Laugardalur (hr&gsk)	ÓJ/GÞ
Föstudagur	17. sep. <i>Laus dagur til lambaskoðana</i>	
Þriðjudagur	14. sep. Hrunamannahreppur (hr&gsk)	ÓJ/GÞ
Miðvikudagur	15. sep. Hrunamannahreppur / Gnúpverjahreppur (hr&gsk)	ÓJ/GÞ
Fimmtudagur	16. sep. Örfæfi (hr&gsk)	JVJ/ÞB
Föstudagur	17. sep. Hof - afkvæmarannsókn hrúta	JVJ/FL/ÞB
Mánudagur	20. sep. Suðursveit (hr&gsk)	ÓJ/GÞ
Þriðjudagur	21. sep. Suðursveit (hr&gsk)	ÓJ/GÞ
Miðvikudagur	22. sep. Þingvallasveit (hr&gsk)	ÓJ/HS
Fimmtudagur	23. sep. Rangárvallahreppur (hr&gsk)	FL/ÓJ
Föstudagur	24. sep. Vestur-Landeyjar (hr&gsk)	ÞB/SR
Mánudagur	20. sep. Örfæfi (hr&gsk)	FL/SR
Þriðjudagur	21. sep. Gnúpverjahreppur (hr&gsk)	FL/HS
Miðvikudagur	22. sep. Austur-Eyjafjöll /Ytri-Skógar - afkv.r. hrúta	FL/ÞB/JVJ
Fimmtudagur	23. sep. Stokkseyrarhreppur (hr&gsk)	ÞB/HS
Föstudagur	24. sep. Þingvallasveit (hr&gsk)	FL/HS
Mánudagur	27. sep. Dyrhólahreppur (hr&gsk)	FL/SR
Þriðjudagur	28. sep. Hvammshreppur (hr&gsk)	FL/SR
Miðvikudagur	29. sep. Kirkjubæjarhreppur (hr&gsk)	ÞB/SR
Fimmtudagur	30. sep. Ásahreppur (hr&gsk)	FL/ÞB
Föstudagur	1. okt. Meðalland (hr&gsk)	FL/SR
Mánudagur	27. sep. Villingaholtshreppur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Þriðjudagur	28. sep. Hraungerðishreppur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Miðvikudagur	29. sep. Hraungerðishr./ Gaulverjab.hr. (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Fimmtudagur	30. sep. Hrunamannahreppur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Föstudagur	1. okt. Austur-Landeyjar/Vestur-Eyjafjöll (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Mánudagur	27. sep. Grímsnes (hr&gsk)	ÞB/HS
Mánudagur	4. okt. Mýrar (hr&gsk)	ÞB/GÞ
Þriðjudagur	5. okt. Lón (hr&gsk)	ÞB/GÞ
Miðvikudagur	6. okt. Nes (hr&gsk)	ÞB/GÞ
Fimmtudagur	7. okt. Laus dagur til lambaskoðana	
Föstudagur	8. okt. Fljótshlíð/Hvolhreppur (hr&gsk)	FL/SR
Mánudagur	4. okt. Skeiðahreppur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Þriðjudagur	5. okt. Skeiða- & Gnúpverjahr. (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Miðvikudagur	6. okt. Biskupstungur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Fimmtudagur	7. okt. Biskupstungur (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Föstudagur	8. okt. Eyrarbakki (hr&gsk)	ÓJ/HÁ
Mánudagur	4. okt. Hörgslandshreppur	FL/SR
Þriðjudagur	5. okt. Skaftártunga	FL/SR
Miðvikudagur	6. okt. Holta-og Landsveit (hr&gsk)	FL/HÁ
Fimmtudagur	7. okt. Rangárvallahreppur (hr&gsk)	ÞB/SR
Föstudagur	8. okt. Feldfé Meðallandi	ÞB
Mánudagur	11. okt. Austur-Eyjafjöll (hr&gsk)	FL/ÓJ
Þriðjudagur	12. okt. Álftaver (hr&gsk)	FL/ÞB
Miðvikudagur	13. okt. Hvammshreppur (hr&gsk)	FL/ÓJ
Mánudagur	11. okt. Selvogur / Ölfus (hr&gsk)	ÓJ/HS
Þriðjudagur	12. okt. Grafningur (hr&gsk)	ÓJ/HS
Laugardagur	16. okt. Dagur sauðkindarinnar Hvolsvelli	FL/ÞB
Mánudagur	18. okt. Laugardalur & Grímsnes (hr&gsk)	FL/ÞB
Þriðjudagur	19. okt. Hrunamannahreppur (hr&gsk)	FL/ÞB

Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar. Áætlaður tími er á hverjum stað með fyrirvara um breytingar.
 hr=Hrútasýning gsk=Gimbraskoðun hr&gsk=Hrútasýning og gimbraskoðanir ef tími leyfir
 Dómarar: FL: Fanney Ólöf Lárusdóttir, GÞ: Grétar Már Þorkelsson, HS: Halla Eygló Sveinsdóttir
 HÁ: Hermann Árnason, ÓJ: Óðinn Örn Jóhannsson, SR: Sveinn Rúnar Ragnarsson og ÞB: Þórey Bjarnadóttir.